

REGLUR
um breyting á reglum nr. 712/2008 um tilkynningarskylda
og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:
Aðgangur að sjúkraskrár vegna vísindarannsókna er ávallt háður leyfi Persónuverndar, sbr. 15. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

2. gr.

Við 7. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Ekki er skylt að senda Persónuvernd tilkynningu um sjálfvirka og óhjákvæmilega vöktun sem fram fer á netþjónum á vinnustöðum og í skólum.

3. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 30. gr., 3. mgr. 31. gr., 2. mgr. 32. gr. og 33. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, öðlast þegar gildi.

Persónuvernd, 22. október 2009.

Páll Hreinsson stjórnarformaður.

Sigrún Jóhannesdóttir.